

Umsögn Landssamtakanna Proskahjálpar um frumvarp til laga um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna. (Þingskjal 569 — 436. mál).

10. maí 2017

Landssamtökin Proskahjálp fagna því að lagt hafi verið fram frumvarp til laga um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna. Hér er um mikilvægt mannréttindamál að ræða sem samtökin styðja.

Samtökin vilja þó benda Alþingi, félags- og jafnréttismálaráðherra og öðrum hlutaðeigandi stjórnvöldum á að vitað er og viðurkennt að fleiri hópar hafa mátt þola og mega enn þola mikla mismunun á öllum sviðum samfélagsins hvarvetna í heiminum. Ísland er engin undantekning frá því. Þeir hópar þurfa því einnig mjög á því að halda að njóta skýrrar verndar fyrir mismunun á öllum sviðum samfélagsins með heildstæðri löggjöf. Fatlað fólk er einn þeirra hópa.

Í því sambandi vilja Landssamtökin Proskahjálp sérstaklega benda á eftirfarandi.

Íslenska ríkið skrifaði undir samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks árið 2007 og fullgilti hann 9 árum síðar, þ.e. haustið 2016 og skuldbatt sig þar með til að fara að ákvæðum samningsins og framfylgja þeim í lögum reglum og framkvæmd á öllum þeim sviðum sem hann nær til.¹

Bann við mismunun á grundvelli fötlunar og jöfn tækifæri fatlaðs fólks til jafns við aðra á öllum sviðum samfélagsins er meginþáttur og meginmarkmið samningsins. Þetta er áréttað í mörgum ákvæðum hans.

5. gr. samningsins hefur yfirskriftina *Jafnrétti og bann við mismunun og hljóðar svo.*

1. Aðildarríkin viðurkenna að öll erum við jöfn fyrir lögum og eigum rétt á jafnri vernd og jöfnum hag lögum samkvæmt án nokkurrar mismununar.

2. Aðildarríkin skulu banna hvers kyns mismunun á grundvelli fötlunar og tryggja fötluðu fólki jafna og árangursríka réttarvernd gegn mismunun á öllum sviðum.

3. Í því skyni að efla jöfnuð og útrýma mismunun skulu aðildarríkin gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að fötluðu fólki standi viðeigandi aðlögun til boða.

¹ file:///C:/Users/Lenovo/Desktop/Samningur%20Sp.pdf

4. Eigi ber að líta á sértækar ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar til þess að flýta fyrir eða ná fram jafnrétti til handa fötluðu fólki í reynd, sem mismunun samkvæmt skilmálum samnings þessa.

Í 4. gr. samningsins sem hefur yfirskriftina *Almennar meginreglur* segir m.a.:

1. Aðildarríkin skuldbinda sig til þess að tryggja og stuðla að því að öll mannréttindi og grundvallarfrelsi verði í einu og öllu að veruleika fyrir allt fatlað fólk án mismununar af nokkru tagi vegna fötlunar.

Aðildarríkin skuldbinda sig í þessu skyni til:

a) að samþykkja öll viðeigandi lagaákvæði og ráðstafanir á sviði stjórnslu og aðrar ráðstafanir til þess að innleiða þau réttindi, sem eru viðurkennd með samningi þessum,

b) að gera allar viðeigandi ráðstafanir, þar með talið á sviði lagasetningar, til þess að gildandi lögum, reglum, venjum og starfsháttum, sem fela í sér mismunun gagnvart fötluðu fólki, verði breytt eða þau afnumin.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 10. janúar sl. segir:

Ríkisstjórnin mun styðja dyggilega við innleiðingu á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Með vísan til framangreindra skuldbindinga íslenska ríkisins samkvæmt samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks varðandi vernd gegn mismunun á öllum sviðum samfélagsins og lagasetningar til að tryggja það og tilvitnaðrar yfirlýsingar í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar telur Þroskahjálpi að Alþingi og stjórnvöld hljóti að tryggja að fatlað fólk njóti verndar gegn mismunun á öllum sviðum samfélagsins með heildstæðri löggjöf þar að lútandi og / eða með því að taka samninginn í lög með sama hætti og gert hefur verið með samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013. Í því sambandi benda samtökin einnig á að þingflokkar sem nú eru í meirihluta á Alþingi svöruðu spurningu sem samtökin beindu til þeirra fyrir síðustu Alþingiskosningar á þá leið að þeir teldu rétt að lögfesta samninginn.

Að lokum vilja Landssamtökin Þroskahjálpi benda á að óhjákvæmilegt er að alvarlegar spurningar vakni varðandi eftirlit með framkvæmd laganna verði frumvarpið samþykkt óbreytt hvað þau ákvæði varðar. Þar er gert ráð fyrir að Jafnréttisstofu verði falið það eftirlit en ekki verður séð að þær skyldur, heimildir og úrræði sem stofnunin á að hafa til þess sé í nokkru samræmi við þau mikilsverðu mannréttindi sem í húfi eru.

Þá getur ekki hjá því farið að það veki verulega athygli að í frumvarpinu er ekki minnst á stofnun sjálfstæðrar mannréttindastofnunar sem uppfyllir skilyrði og kröfur sem gerðar eru samkvæmt svonefndum Parísarreglum. Slíkar óháðar stofnanir eru afar mikilvægar til að hafa eftirlit með að stjórnvöld, viðurkenni, verndi og framfylgi mannréttindum í samræmi við lög og fjölbjóðlega mannréttindasamninga sem þau hafa undirgengist og hafa erlendir eftirlitsaðilar margoft bent á að slíka stofnun þurfi að setja upp hér á landi. Íslensk stjórnvöld hafa nú viðurkennt að samkvæmt samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks sem þau fullgiltu fyrir hönd íslenska ríkisins sl. haust sé þeim skylt að stofna þannig sjálfstæða

mannréttindastofnun hér á landi, sbr. m.a. þingsályktunartillögu um fullgildingu samnings SP um réttindi fatlaðs fólks og frumvarp að lögum um sjálfstæða mannréttindastofnun sem stjórnvöld lögðu fram á síðasta þingi.

Virðingarfyllst,

f. h. Landssamtakanna Þroskahjálpar

Bryndís Snæbjörnsdóttir, formaður

Árni Múli Jónasson, framkvæmdastjóri